

### **103. Stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 15 apríl, 2019 kl. 13:30 á skrifstofu Byggðasafns Vestfjarða.**

Viðstaddir eru: Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, Pétur G. Markan sveitastjóra Súðavíkurhrepps, Edda María Hagalín, fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar, Helga Þórsdóttir, starfandi forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða og fulltrúar Endurskoðun Vestfjarða ehf. Margrét Högnadóttir viðskiptafræðingur og Jón Þorgeir löggiltur endurskoðandi.

#### **1. Dagskrá fundar, farið yfir Ársreikning Byggðasafns Vestfjarða.**

Fulltrúar Endurskoðunar ehf. gerðu athugasemdir við Ársreikning Byggðasafns Vestfjarða, vegna ekki kom fram vöruinneign félagsins í ársreikningnum og gæti það skekkt rekstarniðurstöðu ársins.

Helga Þórsdóttir, gerði athugasemd við lið skýrslunnar vegna aflaðra styrkja á árinu 2018, taldi hún upphæðina vera hærri en ársreikningurinn sýnir.

Vegna þeirra athugasemda er komu fram var ákveðið að kalla til annars aðalfundar, eftir að þessi atriði hafa verið skoðuð og skýrð fyrir stjórn og forstöðumanni.

Almennur rekstur safnsins var til umræðu í framhaldi að umræðunni um ársreikning safnsins. Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, spurði hvort vitað væri hver rekstrarafkoma sýningahalds byggðasafnsins væri og hvort til væri sérleg samantekt á rekstri og uppsetningu, vegna sýningahalds Byggðasafns Vestfjarða í Turnhúsinu? Forstöðumaður sagði slíkt yfirlit ekki til og fól stjórn byggðasafnsins Helgu Þórsdóttur, að gera slíkt yfirlit þannig að sá hluti rekstrarins væri öllum ljós. Þannig getur aðalfundur tekið skýrari afstöðu til reksturs Byggðasafns Vestfjarða.

Fundurinn bað forstöðumann einnig að afhenta fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar, vörutalningu vegna ársins 2018.

***Helga Þórsdóttir, skrifaði og sendir fundagerð út til umsagnar.***